



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 37. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

#### 1. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2024, þann 4. janúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

#### **Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

1. **Almannavarnir Árnassýslu: Fundargerð 3. fundar frá 14. desember sl.**  
Lögð fram fundargerð 3. fundar Almannavarna Árnassýslu.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

2. **Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 15. fundar stjórnar frá 12. desember sl.**  
Lögð fram fundargerð 15. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn fagnar því að undirbúningur að byggingu Björgunarmiðstöðvar á Flúðum sé hafinn.*

3. **SASS: Fundargerð 604. fundar stjórnar frá 8. desember 2023.**  
Lögð fram fundargerð 604. fundar stjórnar SASS.

*Sveitarstjórn tekur heilshugar undir hvatningu stjórnar SASS varðandi mikilvægi þess að sjúkrabyrli verði staðsett á Suðurlandi. Á Suðurlandi er þungi ferðapjónusta og fjölmennra sumarhúsabyggða mestur á landinu. Öryggi íbúa og gesta verður að vera í öndvegi og með sjúkrabyrli væri hægt að koma fólki mun skjótar undir læknishendur þegar brýna nauðsyn ber til heldur en nú er mögulegt. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.*

4. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 323. fundar stjórnar frá 4. desember sl.**  
Lögð fram fundargerð 323. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

5. **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 15. desember 2023.**  
Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem auglýst er eftir umsóknum ungmennafulltrúa á Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins 2024.

*Lagt fram til kynningar en erindið verður sent til fulltrúa á þessum aldri sem sæti eiga á framboðslistum og í nefndum sveitarfélagsins sem og til ungmennaráðs.*

DCS  
ARJ  
B  
S  
H

6. **Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 4. júlí 2023.**

Lagt fram minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna umræðu um söfnun, flutning og ráðstöfun dýraleifa á Íslandi.

*Minnisblaðið er sent sveitarfélögum til kynningar á þeirri niðurstöðu lögfræðinga sambandsins að ábyrgð og ráðstöfun sóttmengaðra dýrahræja hvílir hjá íslenska ríkinu. Slíkt hefur í för með sér að ef ekki eru til staðar viðeigandi innviðir til þess að meðhöndla slíkan úrgang beri sveitarfélög engar sérstakar skyldur til að byggja slíka aðstöðu upp.*

*Minnisblaðið er lagt fram til kynningar.*

7. **Bréf frá stjórn Hestamannafélagsins Jökuls frá 26. október 2023.**

Lagt fram bréf frá stjórn Hestamannafélagsins Jökuls þar sem óskað er eftir að deiliskipulagi svæðisins verði breytt á þann veg að lóð reiðhallarinnar stækki um ca. 2.000 ferm til SV og einnig byggingarreitur lóðarinnar og nýtingarhlutfall. Einnig óskar félagið eftir viðræðum við fulltrúa sveitarstjórnar um frágang svæðisins, reiðstíga, aðkomuvegi, ræsi o.fl.

*Sveitarstjóri og oddviti hafa þegar fundað með forsvarsmönnum hestamannafélagsins þar sem kynntar voru hugmyndir sem uppi eru varðandi eflingu á starfsemi félagsins og áform um uppbyggingu á svæði þess í Torfdal. Sveitarstjórn lýst vel á framkomnar hugmyndir og felur sveitarstjóra ásamt oddvita að vinna þær áfram með það fyrir augum að uppbygging svæðisins geti haldið áfram.*

8. **Bréf frá Silke Leyk frá 7. desember 2023.**

Lagt fram bréf frá Silke Leyk þar sem óskað er eftir styrk fyrir körfuboltadeildina á Laugarvatni vegna kaupa á upptökuvél.

*Sveitarstjórn sér sér því miður ekki fært að verða við erindinu.*

9. **Minnisblað – yfirlýsing vegna þjóðarsáttar frá 2. janúar 2023.**

Lagt fram minnisblað varðandi yfirlýsingu vegna þjóðarsáttar.

*Sveitarstjórn Hrunamannahrepps hefur eins og aðrir fylgst með skilaboðum sem komið hafa frá Samtökum atvinnulífsins og stærstu félaga innan ASÍ og þeirri umræðu um komandi kjaraviðræður sem nú er í gangi.*

*Allir geta verið sammála um það að eitt mikilvægasta verkefni kjaraviðræðnanna sem fram undan eru er að ná niður verðbólgunni og vöxtum í samfélaginu en sú mikla hækkun sem orðið hefur á báðum þessum þáttum kemur afar illa við sveitarfélög landsins ekki síður en heimili og fyrirtæki.*

*Eigi að nást árangur í baráttunni við verðbólgu og vexti verða allir að taka höndum saman. Þjóðfélagið allt verður að leggjast á árarnar svo koma megi á stöðugleika í efnahagsmálum.*

*Sveitarstjórn Hrunamannahrepps hefur haft þá stefnu að hafa gjaldskrár hófstílltar og hefur það tekist enda eru gjaldskrár í Hrunamannahreppi margar hverjar með því lægsta sem gerist. Sem dæmi má nefna að gjaldskrá hitaveitu er með því allra lægsta sem gerist ef ekki sú lægsta á landinu. Gjöld fyrir leikskóla eru óvíða lægri og flestar gjaldskrár afar hófstílltar. Er ljóst að sveitarstjórn hefur í gegnum tíðina viljað gera vel við íbúa og hefur það mælst vel fyrir.*

*Eigi að síður vill sveitarstjórn með þessari yfirlýsingu lýsa sig reiðubúna til að taka upp og endurskoða þær gjaldskrárhækkningar sem samþykktar voru við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024 verði af þjóðarsátt allra þeirra aðila sem nefndir eru hér að ofan. Jafnframt minnir sveitarstjórn á fyrri bókun meirihluta frá 16. nóvember sl. um að sveitarstjóri og oddviti munu einnig taka þátt í þeim aðgerðum verði þjóðarsátt að veruleika.*

DG  
ARJ  
Bör  
H

**Mál til kynningar:**

**10. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 940. fundar stjórnar frá 15.12. 2023.**

*Lagt fram til kynningar.*

Fundi slitið kl. 14:59

Daði Geir Samúelsson

Alexandra Rós Jóhannesdóttir

Bjarny Vignisdóttir



Thorvaldur Haukur

Aldís Hafsteinsdóttir